

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019.

1. gr.

Nýr viðauki 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs er birtur með samþykkt þessari, sbr. 59. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkur og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

2. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. september 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

VIÐAUKI 1.1

Um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

1. gr.

Skipulags- og samgönguráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Öll mál sem skulu hljóta afgreiðslu sveitarstjórnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 6. gr. laganna, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, svo sem afgreiðslu skipulagslýsinga, deiliskipulagsáætlana samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Undanskildar eru ákvarðanir um auglýsingu og afgreiðslu á svæðis-, aðal- og deili- og hverfisskipulagi en þær ákvarðanir eru ávallt háðar samþykki borgarráðs. Hið sama gildir um auglýsingu og afgreiðslu á tillögum að breytingum á slíkum áætlunum.
- b. Ákvörðun um afgreiðslu á deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, ef engar athugasemdir berast á auglýsingatíma.
- c. Ákvarðanir um breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem þurfa samþykki eða samráð við lögreglustjóra og almannavarnarnefnd, sbr. 84.-86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skipulags- og samgönguráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a–c til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur í fundargerð skipulags- og samgönguráðs, sbr. a–c-lið 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnáætlunarlaga. Telji borgarráð að skilyrði um

endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og samgönguráð taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu ráðsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 52. gr. skipulagslaga.

B-deild – Útgáfud.: 12. október 2020